

Áfallaáætlun leikskólans Ásgarðs

Áfallaráð

Kemur saman vegna viðbragða vegna slysa, andláts, stærri áfalla eða atburða í samfélaginu sem snerta: Nemenda leikskólans, náinn aðstandanda nemandans, starfsmann eða náninn ættingja starfsmanns.

Ýmis áföll

Skilnaður foreldra, alvarleg veikindi aðstandanda eða nemanda, slys í umhverfinu, andlát vina, ættingja og fleiri...

Verði kennari var við breytingu á hegðun eða líðan nemanda ber honum að ræða við skólastjórnendur. Málið er skoðað og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir.

Skólastjórnendur virkja það starfsfólk skólans sem þurfa þykir til að aðstoða nemandann.

Í áfallateymi sitja:

Skólastjóri: Guðrún Lára Magnúsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Þórunn Helga Þorvaldsdóttir

Sóknarprestar: sr. Guðni Þór Ólafsson og sr. Magnús Magnússon

Viðbrögð við slysum

Minniháttar slys

Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn.

Stjórn felst í því að sjá til þess að:

- þeim slasaða sé sinnt.
- kallað sé á hjálp.
- nærstaddir séu róðir.

Starfsmaður fyllir út slysaskráningarblað og lætur heilsugæslu vita ef ástæða er til. Skólastjóri er látin vita, hann virkjar áfallateymi ef með þarf.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/deildastjóri lætur forráðamenn viðkomandi nemenda vita. Mikilvægt er að halda ró sinni.

Fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.

Kennarar ræða við og vinna með nemendum um staðreyndir málsins, áfallateymi virkjað ef með þarf.

Alvarleg slys

Slys tilkynnt (112).

Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið.

Ef slys verður í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um þann þátt og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála.

Skólastjórnendur virkja áfallateymi.

Skólastjórnendur eða aðrir aðilar úr áfallateymi tilkynna forráðamönnum viðkomandi nemenda um atburðinn.

Fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/deildastjóri hefur samband við foreldra / forráðamenn annara nemenda í leikskólanum.

Áfallateymi/kennarar vinna með nemendum sem tengjast málinu.

Viðbrögð við andláti

Æskilegt er að aðstandendur eða aðrir þeim tengdir tilkynni öll áföll sem fyrst til skólastjóra.

Vegna andláts nemanda:

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.

Andlát tilkynnt deildastjóra viðkomandi nemanda ásamt öðru starfsfólki skóla.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri og deildastjóri fara heim til nemanda, stutt heimsókn.

Aðili úr áfallateymi ásamt sóknarpresti ræðir við nemendur á deild viðkomandi

nemanda ásamt kennurum. Hver deild fyrir sig.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/deildastjóri hefur samband við foreldra / forráðamenn annara nemenda á deildinni.

Áfallateymi/kennarar/skólasálfræðingur vinna með nemendur á deildinni eins lengi og þörf er á.

Vegna andláts starfsmanns:

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá aðstandanda.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri kallar starfsfólk saman og upplýsir um andlátið.

Deildastjóri viðkomandi deildar tilkynna nemendum andlátið. Ef deildastjóri fellur frá tilkynnir skólastjóri/aðstoðarskólastjóri nemendum andlátið.

Aðili/aðilar úr áfallateymi ræða við nemendur í skólanum.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri, deildastjóri hefur samband við foreldra / forráðamenn annara nemenda í skólanum.

Áfallateymi/kennarar vinna með nemendur á deildinni eins lengi og þörf er á.

Vegna andláts aðstandenda nemenda:

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá aðstandenda.

Deildastjóra tilkynnt um andlát viðkomandi.

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri og deildastjóri fara heim til nemanda.

Endurkoma nemanda í skólann undirbúið í samráði áfallateymi/ skólastjórnendur/ kennara/ foreldra/ sálfræðing fer eftir eðli málsins hverjir eru kallaðir til.

Aðili úr áfallateymi/ kennarar/ sálfræðingur vinna með viðkomandi nemanda eins lengi og þurfa þykir.

Nokkur atriði til umhugsunar:

Áföll og slys eru stöðugt að koma fyrir, og það er víst að einhvern tíma kemur að okkar skóla. Þá er mikilsvert að hafa mótað sér farveg, til dæmis um það hvenær skuli gripið til aðgerða, hvað mikið sé gert, hvaða úrræðum beitt og hve lengi.

Gera verður greinarmun á áföllum einstaklings í hóp og áföllum sem verða hjá hópnum. Ástvinamissir nemanda er ólíkur því þegar nemendur missa skólafélaga.

Verkefni: Hvaða áföll er líklegast að börn hér þurfi að glíma við?

Skilgreining á sorg getur verið víðtæk: Upplifun þess að missa eitthvað sem er okkur kært og er nánast hluti af okkur sjálfum.

Sorg birtist á mismunandi vegu og ræðst af aðstæðum. En sameiginlegt er að eftir stendur tómarúm. Sorg getur stafað af vinamissi, en einnig af því að missa félagsnetið. Flutningur á milli skóla, börn sem oft ganga í gegnum það velja oft að lokum þann kost að einangra sig.

Sorg er eðlileg viðbrögð (við óeðlilegum aðstæðum).
Sorg getur tekið á sig sjúklegar myndir, en er ekki sjúkdómur.

Börn verða hrædd um eigið líf og foreldra.
Oft finna þau bestu leiðina sjálf, eða félagar þeirra.
Sýna sterkar tilfinningar, svefntruflanir, reiði, hræðslu, kröfu um athygli og snertingu, sektarkennd, námsvanda, líkamlegan sársauka.

Dauðinn er yfirþyrmandi, en mikilvægt er að benda á að framtíðin er líf.

Viðbrögð:

Aldur	einkenni	úrlausn
0-2 ára:	Aðskilnaður sjúga þumal, róa sér	hlýja, öryggi halda í bangsa
3-5	Dauðinn talinn tímabundinn Depurð, sektarkennd Töfrahugsun	Fara með bænir
6-7	Litlir heimspekingar Dauðageigur Martraðir	Trú á líf eftir dauðann
8-12	Upplifa forgengileika Getur orðið þráhyggja Vilja upplýsingar Kaldhæðni	Útskýra greftrunarsiði ítarlega og náíð
Ungl.	Dauðinn getur orkað ógnvekjandi Getur orkað eftirsóknarverður Veita öryggi, traust, festu	Undirstrika vonina Kalla hópinn saman

Þetta síðasta gildir í öllu starfi, ekki breyta daglegri rútinu að óþörfu, skólustarf þarf að komast sem fyrst í fastar skorður.

Sorgarferli karl- og kvenkyns getur verið ólíkt: Karlkynið þarf að vinna með höndunum, kvenkynið hefðbundnara.

Úrræði með bekkri vegna andláts nemandar:

Kennari eða skólastjóri heimsækir foreldra 5-10 mín.

Ljósmynd mætir skólafélögunum, stutt helgistund í byrjun, síðan spjall.

Boðið upp á helgistund í kirkjunni litlu síðar.

Bréf sent foreldrum frá nemendum sýna samúð.
Allan veturinn höfð mynd og (blóm á borðinu um tíma).
Að vori farið að leiði með hópinn.

Annað úrræði er að boða til foreldrafundar, biðja þá að segja börnunum frá andlátí skólafélaga.

Minningarstund skilar ótrúlega miklu. Börnin hafa gott af því að tjá sig með því að skrifa bréf, teikna.

Viðfangsefni:

Mat: hvers konar áföll kalla á viðbrögð
Koma á samstarfi við kirkju og heilsugæslu
Hafa nákvæman lista yfir foreldra, forráðamenn

Vinnuáætlun (sbr. bók Gunnars E. Finnb: Sorgin hefur mörg andlit)

Þumalputtareglur:

1. Opin og heiðarleg samskipti við börnin:
gefa skýr svör í samræmi við aldur og þroska
leiðrétta misskilning
forðast flóknar útskýringar
forðast að skýra dauðann sem **ferðalag eða svefn**
2. Gefið tíma til umhugsunar
leyfa spurningar og samtöl
gera ráð fyrir að samtölin geti verið stutt
skoða myndir af hinum látna
heimsækja leiðið
3. Gera missi raunverulegan
sýna eigin tilfinningar
láta börnin taka þátt í athöfnum
láta liggja frammi eitthvað sem minnir á
4. Höfða til tilfinningalegra þátta
halda góðum tengslum við heimili
forðast óþarfa aðskilnað
tala við börnin um hræðslu við eigin dauða
ræða um sektarkennd og yfirvinna hana

Bókalisti um sorg verða í undirbúningi.